

VI. *Almenn ákvæði.*123
15. okt.

Seglfestu, ösku, kolum frá gufuskipum, eða öðru, sem valdið getur skemdum á höfninni, má ekki kasta útbyrðis, og ekki heldur flytja á land annarsstaðar en þar, er lögreglustjóri leyfir.

Skip, sem liggja á höfninni til að taka á móti nýjum fiski, mega ekki kasta fiskiúrgangi útbyrðis á höfninni fyrir innan línu, er hugsast dregin frá Fiskakletti í Skipphól, hvort heldur er innýfli, hausar eða hryggir úr fiski, heldur skal þeim skylt að flytja slíkan úrgang út fyrir umgetna línu, ef hann er ekki hagnýttur á annan hátt.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr., er renna í hafnarsjóð.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1911 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 15. október 1910.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

124
26. okt.

fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur um lækningu hunda
af bandormum o. fl.

1. gr.

Skýldur skal hver hundeigandi að hafa helsi á hundum sínum með áletrunni *Rvík og tölu*. Merkispjöldin skulu útveguð á kostnað bæjarsjóðs, en bæjarfógeti afhendir þau eigendum hundanna gegn andvirði þeirra, er aftur greiðist í bæjarsjóðinn.

124 Réttdræpur er hver hundur innan umdæmisins, sem ekki ber slíkt helsi
26. okt. eða fylgir utanbæjarmanni, ef eigandi ekki hirðir hann innan 3ja daga eftir að hann hefir verið auglýstur. Kostnaður við dráp óskilahunda greiðist úr bæjarsjóði.

2. gr.

Bæjarfógeti heldur löggilta bók yfir tölu hunda og eigendur þeirra. Skál bókin árlega leiðrétt eftir skýrslum hreinsunarmanns, er heilbrigðisnefnd ræður fyrir 3 ár í senn.

3. gr.

Lækna skal alla hunda í lögsagnarumdæminu, sem eru misserisgamliir eða eldri. Fer lækningin fram einu sinni á ári í nóvembermánuði. Hreinsunarmaður tilkynnir hundaeigendum með þriggja daga fyrirvara hvenær og hvar lækning fer fram. Skytt er eigendum hundanna að láta flytja þá á lækningarstaðinn og veita liðsinni til að koma þeim inn í lækningarskýlið, og sækja þá aftur þegar lækning hefir farið fram. Lækningarskýlið skal útvegað á kostnað bæjarsjóðs. Heimilt er þó hreinsunarmanni að lækna hunda á heimili eiganda þeirra, ef þeir óska þess.

4. gr.

Hreinsa skal hundana með arekadufti eða einhverju öðru öruggu orma-meðali og skal lækningunni haga eftir því, sem dýralæknir segir fyrir.

5. gr.

Verði vart við bandorma í hundi milli lækninga skal hann færður hreinsunarmanni, og er hann skyldur að lækna hann tafarlaust.

6. gr.

Banni forföll að lækna hund á ákveðnum tíma, skal það gert svo fljótt, sem unt er.

7. gr.

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skal hreinsunarmaður senda heilbrigðisnefndinni skýrslu um lækninguna, er tilgreinir hvenær og hvar lækningin hafi farið fram, hve margir og hveirra hundar hafi verið læknaðir og með hverjum árangri.

Nú er hundi skotið undan lækningu og skal þá hreinsunarmaður tilkynna það bæjarfógeta þegar í stað og er þá hundurinn réttadræpur, nema eigandi láti lækna hann innan viku frá því hann fær viðvörðun um það. Sömu leiðis skal hreinsunarmaður gera bæjarfógeta viðvart, ef hann verður var við ómerkta hunda í kaupstaðnum.

8. gr.

124

Hreinsunarmaður annast útvegum meðala og baðlyfja, er borgast úr bæjarsjóði. Fyrir hreinsun hvers hunds fær hreinsunarmaður 1 krónu úr bæjarsjóði. 26. okt.

9. gr.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnum, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullmengað er, að meðtöldum hausum af höfuðsóttar-kindum, svo djúpt í jörð niður, að hundar geti ekki náð því, eða að brenna það. Honum er og skylt að varna því, að hundar komi á blóðvöllinn.

Hreinsunarmaður skal einnig hafa eftirlit með að þessu ákvæði sé hlýtt.

10. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. nóv. 1910 og varða brot gegn henni 1—10 króna sekt, er renni í bæjarsjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur á fundi hennar 20. okt. 1910.

Skrifstofu borgarstjóra Reykjavíkur, 26. okt. 1910.

Páll Einarsson.

Samþykkt

125

27. okt.

um kornforðabúr Grímseyjarhrepps.

Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 24, 9. júlí 1909, gjört svolátandi samþykkt um kornforðabúr í Grímsey.